

30. október 1980.

873

Nr. 538.

AUGLÝSING

um gjald fyrir tilkynningar o. fl. sem birtist í Lögbirtingablaðinu.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 64 16. desember 1943, um birtingu laga og stjórnvaldaerinda, er gjald fyrir tilkynningar o. fl., sem birtist í Lögbirtingablaðinu, hér með ákveðið þannig:

1. Fyrir tilkynningu um skrásetningu hlutafélaga og samvinnufélaga	kr. 35 600.—
2. Fyrir tilkynningu um skrásetningu firma	— 11 900.—
3. Fyrir tilkynningu um veitingu prókúruumboðs, breytingu eða afturköllun á prókúruumboði	— 11 900.—
4. Fyrir tilkynningu um breytingu á hlutafélögum, samvinnufélögum og firmum (breytingu á stjórn, samþykktum, eigendaskipti o. fl.)	— 11 900.—
5. Fyrir tilkynningu um að hlutafélag eða firma sé hætt störfum	— 1 700.—
6. Fyrir uppboðsauglýsingu, þrjár birtingar	— 16 400.—
7. Fyrir fjármark	— 3 200.—
8. Fyrir auglýsingu um óskilafénað, fyrir hverja kind eða hross	— 1 700.—
9. Fyrir innköllun	— 16 400.—
10. Fyrir auglýsingu um skiptafund	— 5 900.—
11. Fyrir einkaleyfisumsókn	— 5 900.—
12. Fyrir ógildingarstefnu	— 16 400.—
13. Fyrir dómsbirtingu	— 16 400.—
14. Fyrir tilkynningu um útdrátt í happdrætti allt að 7 dálksentim.	— 9 300.—

Annað efni, sem birt er í blaðinu, en eigi fellur undir neinn framangreindra liða, greiðist með krónum 1 400 fyrir hvern dálksentimetra.

Myndmót, sem nota þarf við prentun auglýsinga, skal auglýsandi leggja til.

Gjaldskrá þessi öðlast gildi 15. nóvember 1980. Fellur þá jafnframt úr gildi auglýsing nr. 395 31. júlí 1980 um gjald fyrir tilkynningar o. fl. sem birtist í Lögbirtingablaðinu.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 30. október 1980.

Friðjón Þórðarson.

Hjalti Zóphóntasson.